

Sýrur og basar

Blóðsúr



**Jóhann Heiðar
Jóhannsson**

johannahj@landspitali.is

Runólfur Pálsson, nýrnalæknir og annar af ritstjórum *Handbókar í lyflæknisfræði*, hafði samband og sendi ítarlegan tölvupóst sem svar við umfjöllun í síðasta pistli um **súr** og **sýringu**. Runólfur vildi ekki fallast á þá tillögu undirritaðs að heitið **acidemia** yrði fellt niður og notkun þess hætt. Hann sagði að þörf væri fyrir það.

Latnesk-gríska heitið **acidemia** (L. acidum, sýra; G. haima, blóð) táknar aukinn vetnisjóna-styrk (H^+) í blóði og lækkað pH-gildi (eðlilegt gildi í slagæðablóði er 7,4; bil 7,35-7,45), án tillits til þess hvort aðrar breytingar fylgja. Heitið er ýmist notað stakt eða í samsetningum (isovalericacidemia). Runólfur vill hér nota íslenska heitið **blóðsúr**, enda er það í samræmi við Íðorðasafn lækna.

Blóðsýring

Fræðiheitið **acidosis** er sömuleiðis latnesk-grískt (L. acidum, sýra; G. -osis, ástand, ferill) og táknar uppsöfnun sýrandi vetnisjóna (H^+) í blóði, vökvum og líkamsvefjum eða tap basískra jóna (HCO_3^-). Mótvægisaðgerðir á hverjum tíma geta þó leitt til þess að pH-gildi sé innan eðlilegra marka. Runólfur vill hér nota íslenska heitið **sýring**, en Íðorðasafn lækna birtir heitið **blóðsýring**.

Blóðsúr og sýring

Undirritaður gat þess í síðasta pistli að hann gæti ekki fullyrt að **acidemia** og **acidosis** væru aðgreind á rökréttan hátt með íslensku heitunum **blóðsúr** og **blóðsýring**. Stöðug hætta er því á að heitunum sé ruglað saman. Vegna fullyrðingar Runólfs um að beggja erlendu heitanna, **acidemia** og **acidosis**, sé þörf getur undirritaður ekki annað en fallist á að samsvarandi íslensk heiti séu til reiðu. Lausnin virðist í bili sú að halda fyrri heitinu, **blóðsúr** um lækkað pH-gildi í blóði (acidemia), en að stytta síðara heiti Íðorðasafnsins, **blóðsýring** (acidosis), þannig að það verði eingöngu **sýring**. Með þessu má ef til vill draga úr ruglingi. Rétt er að benda á heitin **metabolic acidosis** og **respiratory acidosis**, sem verða þá **efnaskiptasýring** og **öndunarsýring**.

Lútur og lýting

Runólfur lætur ekki staðar numið við **súr** og **sýringu**, hann vill einnig fá niðurstöðu um fyrirbærin **alkalemia**, sem fengið hefur íslenska heitið **lútarblóð** í Íðorðasafni lækna og **alkalosis**, sem hefur á sama hátt fengið heitið **blóðlýting**.

Alkalemia er arabísk-grískt heiti (A. al-qaliy, pottaska; G. haima, blóð) sem lýsir minnkunum vetnisjónastyrk (H^+) og hækkunum pH-gildi í blóði.

Alkalosis er einnig arabísk-grískt heiti (A. al-qaliy, pottaska; G. -osis, ástand, ferli), sem lýsir uppsöfnun basa (HCO_3^-) í blóði, vökvum og líkamsvefjum eða tapi á vetnisjónum.

Samkvæmt erlendum læknisfræðiorðabókum er **alkali** efni sem gefur frá sér basískar jónir (OH^-) í lausn og leiðir þar með til hærra pH-gildis en 7,0. Í *Íðorðasafni lækna* fær slíkt efni heitið **lútur** en í *Íslenskri orðabók* Eddu má finna samheitin **lútur** og **basi**. Samkvæmt *Orðabók Háskólans* er einnig til kvenkynsnafnorðið **lút** og er það þeirra elst í íslensku máli.

Blóðlútur

Runólfur greindi frá því að ritstjórum *Handbókar í lyflæknisfræði* hefði ekki líkað íslenska heitið **lútarblóð** fyrir **alkalemia** og að þeir hefðu ákveðið að nota í staðinn heitið **blóðlútur**. Ekki er ástæða til að amast við því, en svolítið frestandi er að horfa til samstæðunnar **blóðsúr** (kk, hann súrinn) og **blóðlút** (kvk, hún lútin).

Lýting

Á svipaðan hátt voru ritstjórnarnir ekki alls kostar sáttir við fyrrgreint heiti, **blóðlýting**, og stytta þeir það og nota nú orðið **lýting** sem íslenskt heiti á **alkalosis**. Orðið **lýting** finnst ekki í tiltækum íslenskum orðabókum, en ekki virðist nein ástæða til að leggjast gegn því. **Sýring** og **lýting** virðast ágæt í samstæðu og á sama hátt og fyrr er ástæða til að benda einnig á heitin **efnaskiptalýting** og **öndunarlýting**.

Sýrustig

Ekki er hægt að skilja við þetta stundum ruglingslega efni án þess að minnast til gamans á orðið **sýrustig**. Það birtist í *Íslenskum læknisfræðiheimum* Guðmundar Hannessonar frá 1954 sem þýðing á **aciditet** (E. acidity), **sýrumagn**. Nú er það hins vegar almennt notað sem heiti á pH-gildi lausnar. Almennt segir sýrustig til um það hversu súrar slíkar lausnir eru. Það er því sennilega alveg örökrétt að þurfa að tala um lægra sýrustig í þeirri merkingu að lausnin sé súrari!

Skeið

Heilsugæslulæknir á landsbyggðinni sendi tölvupóst til að minna á að sum af okkar „vitsmunalegu“ heitum næðu ekki alltaf „þráðbeint út til almúgans“. Tilefnið var það að hans stuttu og skýru fyriræli: „einn stíll í skeið að kvöldi“ höfðu valdið sjúklingi hans miklum heilabrotum þegar kom að framkvæmd lyfjagjafarinnar.

Jóhann Heiðar
er læknir
á Landspítala
Hringbraut.